



Minnisblað til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Lykiltölur fjölskyldusviðs til febrúar 2022

Dags: 8. mars 2022

Málsnúmer: 202006316/10.0

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjölнисdóttir, Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Meðfylgjandi er stutt samantekt á helstu tölum fjölskyldusviðs til og með janúar 2022.

Fjárhagsaðstoð

Milli janúar og febrúar hefur fækkað um einn á fjárhagsaðstoð og eru nú 29 sem er lægsti fjöldi á fjárhagsaðstoð síðan árið 2018. Af þeim 29 sem þáðu fjárhagsaðstoð í febrúar voru 12 sem höfðu verið á fjárhagsaðstoð í 12 mánuði eða lengur, þar af einn erlendur ríkisborgari á áttæðisaldri sem hefur enn ekki unnið sér inn rétt til lífeyrisréttinda hjá Tryggingastofnun.

Yngsti einstaklingurinn á fjárhagsaðstoð í febrúar var 18 ára, sá elsti 77 ára og meðalaldurinn 37 ár.

Tafla 1. Fjöldi einstaklinga á fjárhagsaðstoð og upphæð.

	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Janúar	35	4,8 mkr.	50	6,9 mkr.	39	6,2 mkr.	30	4,4 mkr.
Febrúar	40	5,5 mkr.	45	5,9 mkr.	38	6,0 mkr.	29	3,9 mkr.
Mars	40	5,6 mkr.	54	7,1 mkr.	43	7,0 mkr.		
Apríl	43	6,4 mkr.	56	7,3 mkr.	42	5,9 mkr.		
Maí	46	6,2 mkr.	59	8,0 mkr.	45	6,5 mkr.		
Júní	42	6,2 mkr.	53	7,5 mkr.	43	5,9 mkr.		
Júlí	38	5,1 mkr.	57	7,3 mkr.	32	4,2 mkr.		
Ágúst	39	4,8 mkr.	50	6,4 mkr.	34	4,9 mkr.		
September	49	5,8 mkr.	50	6,7 mkr.	33	4,8 mkr.		
Október	44	6,0 mkr.	43	6,6 mkr.	30	4,5 mkr.		
Nóvember	53	6,8 mkr.	42	6,0 mkr.	31	4,8 mkr.		
Desember	53	7,8 mkr.	43	7,5 mkr.	37	5,8 mkr.		



Barnaverndarmál

Tilkynningafjöldi í febrúar er svipaður og í janúar, það er 52 tilkynningar og þar af 26 frá lögreglu. Vörðuðu tilkynningarnar 35 börn. Fóru 8 tilkynninganna áfram í könnun, 30 voru þegar í könnun eða meðferð og 14 fóru ekki í könnun.

Tafla 2. Fjöldi barnaverndartilkynninga.

Tilkynningar	2019		2020		2021		2022	
	Heild	Frá lögreglu	Heild	Frá lögreglu	Heild	Frá lögreglu	Heild	Frá lögreglu
Janúar	31	25	40	18	40	16	51	25
Febrúar	32	17	31	13	32	10	52	26
Mars	45	18	42	22	54	32		
Apríl	28	8	22	15	45	17		
Maí	24	8	35	20	55	34		
Júní	40	10	35	25	52	20		
Júlí	31	21	41	25	26	13		
Ágúst	50	28	33	16	33	19		
September	47	24	45	21	62	36		
Október	44	22	78	35	38	23		
Nóvember	32	7	60	36	56	31		
Desember	28	18	34	14	49	29		
Samtals	432	206	496	260	542	280	103	51


Skráningar vegna heimilisofbeldis hafa tekið breytingum frá því á síðasta ári þar sem verið er að skilgreina betur hvers eðlis ofbeldið er. Frá og með áramótum eru tilkynningarnar nú skráðar eftir tegund ofbeldis sem og hvort barnið hafi orðið fyrir ofbeldinu eða orðið vitni að því. Tölur þessa árs eru því ekki samanburðarhæfar við tilkynningar um heimilisofbeldi árin á undan þar sem ekki er hægt að kalla fram heildar tölur um heimilisofbeldi.

Nánari tölulegar upplýsingar um tegundir tilkynninga og undirflokka þeirra verða settar fram í lykiltölum fjölskyldusviðs sem lagðar verða fyrir fjölskyldunefnd í apríl.



Atvinnuleysi

Áfram hækka atvinnuleysistökur örlítið á milli mánaða, 291 var skráður atvinnulaus í desember en 298 í janúar. Sömu þróun má sjá á landinu öllu, þar sem atvinnulausum fjölgaði um tæplega 400 milli mánaða. Atvinnuleysi í Mosfellsbæ var 4,05% í janúar, en 4,9% á landsvísu.



Mynd 1. Atvinnulausir Mosfellingar.

Virðingarfyllst,
Sigurbjörg Fjölvisdóttir